

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Umsögn um 134. mál á 154. löggjafarþingi, Lagning heilsársvegar í Árneshreppi.

Umsagnaraðili: Verkefnisstjórn – Áfram Árneshreppur

Tillagan fjallar um mál sem hefur verið efst á lista á öllum íbúafundum í Árneshreppi frá því vinna við verkefnið Áfram Árneshreppur hófst árið 2017. Heilsársvegur í Norðurfjörð er algjört lykilatriði til að viðhalda byggð í þessum stórmerka, ægifagra og nyrsta hluta byggðar á Ströndum. Samkvæmt nógildandi samgönguáætlun er stefnt á að fara í útboð á vegaframkvæmdum yfir Veiðileysuháls og að sögn Vegagerðarinnar er allt tilbúið til þess strax í lok ársins 2023. Sú fimm ára frestun sem boðuð er í drögum að nýrri samgönguáætlun er algjört reiðarslag fyrir samfélagið í Árneshreppi, sérstaklega þar sem áform og væntingar heimamanna hafa byggst á áformum um vegabætur í nógildandi vegaáætlun og enn fremur að allir íbúar eru fullkomlega meðvitaðir um að allri undirbúningsvinnu er lokið og ekkert skortir nema ákvörðunina um að setja verkefnið af stað.

Verkefnið Áfram Árneshreppur hefur náð verulegum árangri á verkefnistímanum. Samstaða og samvinna íbúa hefur stóraukist, hróður sveitarfélagsins hefur aukist og stórátak hefur verið unnið í uppbyggingu innviða með tilstyrk opinberra aðila og fyrir það ber að þakka. Mikilvægt er að fylgja eftir góðum árangri til þessa með úrbótum í samgöngum, helsta hagsmunamáli íbúa Árneshrepps.

Ferðamennska í Árneshrepp hefur margfaldast, enda flestir sammála um að hér sé um að ræða eitt fegursta og magnaðasta svæði landsins. Það er hinsvegar alveg ljóst að ástand vega í Árneshreppi er mikill dragbítur á ferðaþjónustu, mikil slyshætta á köflum auk þess sem vegurinn yfir Veiðileysuháls teppist í fyrstu snjóum.

Vegur var fyrst ruddur 1965 en viðhaldi hans hefur verið haldið í lágmarki æ síðan, en brugðist við áföllum ef þau hafa komið upp s.s. rof á veginum. Verkefnisstjórn telur einnig að viðhald á veginum hafi verið í lágmarki síðustu áratugi eftir að vegkaflinn var settur í samgönguáætlun, undir þeirri forsendu að spara fjármagn í ljósi þess að til stæði að endurnýja veginn. Ástand vegarins er því þess eðlis að hann er í raun algjörlega ónothæfur og er á engan hátt í samræmi við þær almennu kröfur sem gerðar eru til vega í dag og til að mæta aukinni umferð.

Verkefnisstjórn Áfram Árneshrepps leggur til að haldið verði við núgildandi samgönguáætlun og farið verði í útboð á lagningu heilsársvegar yfir Veiðileysuháls strax núna um áramótin. Jafnframt verði hugað að útfærslum á áframhaldandi veglagningu norður úr Reykjarfirði til að koma á heilsárstengingu við byggðina í norðanverðum hreppnum. Þar eru þrjár leiðir til umræðu meðal heimafélks;

- veglagning yfir Naustvíkurskörð yfir í Trékyllisvík
- jarðgöng úr botni Reykjarfjarðar í Árnisdal
- endurbætur og ofanflóðavarnir á vegi um Kjörvogshlíð

og því mikilvægt að hefja frumrannsóknir og hönnun á heppilegustu leiðinni.

Hólmavík, 13.10.2023

F.h. verkefnisstjórnar  
Skúli Gautason  
verkefnisstjóri - Áfram Árneshreppur!